


JÓHANNES SVEINSSON KJARVAL



**SÝNING 1978**

KJARVALSSTÖÐUM



Kommandit

## LAND MEISTARANS

Jóhannes Sveinsson Kjarval er fæddur að Efríey í Meðallandi 15. október 1885. Foreldrar hans voru hjónin Karítas Þorsteinsdóttir Sverrisen og Sveinn Ingimundarson. Vegna ómegðar og fátæktar var Jóhannesi komið í fóstur til frænda síns Jóhannesar Jónssonar og Guðbjargar Gissuraradóttur, en þau hjón bjuggu í Borgarfirði eystra. Svo vill til að sunnlenzkar og norðlenzkar ættir stóðu að Jóhannesi, en amma hans í móðurætt var frá Bakka í Öxnadal, eða af sömu slóðum og Jónas Hallgrímsson, ástsælasta skáld Íslendinga fyrr og síðar. Að öðru leyti voru forverar Jóhannesar að mestu úr Meðallandi.

Foreldrar Jóhannesar bjuggu í tuttugu og sjö ár í miðbænum í Efríey, sem er einna lægst staðsettur bæir á hinni víðáttumiklu Meðallandssléttu, gróinni vin milli stríðra jökulvatna með svarta brún Eldhrauns til norðurs og Atlantshafid til suðurs. Listmálarinn og meistarinn minntist fæðingarstaðar síns síðar með því að auðkenna einstöku mynd með árituninni: „Giovanni Efrey“.

Fjögurra ára gamall var Jóhannes sendur með póstinum í fóstrið austur, þar sem hann naut hins bezta atletis í ellefu ár, eða þangað til hann fermdist fimmtán ára gamall. Sú saga fylgir póstflutningi Jóhannesar í nýju vistina að hann hafi verið bundinn við klífsöðulbogann á flutningshesti póstsins og var yfir mörg mannskæð vötn að fara. Böndin héldu hinum unga snáða og hesturinn var fótvis og vanur að svamla og heill komst Jóhannes til Geitavíkur í Borgarfirði eystra, mörg hundruð kílómetra veg.

Strax á æskudögum í Meðallandi sýndi Jóhannes að hann hafði óvenjulegt næmi fyrir litum. Í leikjum barna voru notaðir beinkögglar sem ær og lömb, og höfðu börnin þann sið að bregða kögglunum í kertaljós eða að lýsislampa til að fá bildóttar eða flekkóttar ær. Jóhannes kaus ekki þessa einföldu aðferð. Hann málaði sína köggla. Sögnin um þessa lituðu köggla hefur gengið manni fram af manni í Meðallandi.

Eftir ferminguna fór Jóhannes til sjós og var á skútum næstu árin. Má segja að skútulífid hafi löngum verið athvarf hans á unglingsárunum. Og skútukarlarnir voru kannski þeir fyrstu, sem gerðu sér far um að hlúa að listhneigðinni í hinum unga sjómanni. Svo mikið er víst að honum gafst tími til að mála á

Þessum árum, m.a. vegna tilhlíðrunarsemi skútufélaganna, sem voru þó ekki vanir undanslætti við störf. Myndir frá þessum tíma eru ekki margar til, en þær bera þess ótvíræðan vott að skútulífið átti vel við Jóhannes og sá félagskapur sem því fylgdi við menn og náttúruöfl.

Vikið hefur verið að því að einu myndirnar, sem Jóhannes hafi haft kynni af áður en hann byrjaði á skútum, hafi verið skreyttir merkimiðar á niðursududósum. Það var svo ekki fyrr en um tvítugsaldur að hann settist í Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Haft er í minnum að þar hafi hann skarað fram úr í teiknun, það lítið sem hún var kennd, og gladdi það ekki lítið Jón Þórarinsson teiknikennara að skoða handaverk þessa efnilega nemanda. Jóhannes var tvö ár við nám í skólanum. Hann tók ekki próf á vorin af því að um próftímann var hann kominn til sjós. Efnahagurinn leyfði ekki að skútuplássi væri slegpt. Í skólanum var til þess tekið hve Jóhannes var glæsilegur og fríður sýnum, hávaxinn, þrúður í framgöngu og vel klæddur.

Um þessar mundir voru miklar hræringar í þjóðlífinu. Ungt fólk var að komast til þroska, sem lét sig miklu varða list og mennt, framfarir og fullveldi þjóðarinnar. Jóhannes heyrði til þessu unga fólki. Myndir þær, sem hann hafði þegar málað við uppihöld á skútum, kveiktu áhuga á listfengi hans. Nokkrir félagsmenn í Ungmennafélagi Reykjavíkur, sem stofnað var 1906, báru hann fram sem nýja von um stærð og mikilleik á sviði myndlistarinnar. Þeir söfnuðu í utanfararsjóð handa listamanninum og gengu auk þess í ábyrgð fyrir riflegu bankaláni. Þá brá Hannes Hafstein við og útvegaði eitt þúsund krónur úr landssjóði. Til fyrstu málverkasýningar sinnar efndi Jóhannes árið 1908, og létu sumir ungmennafélaganna ekki dragast að skrifa um þá sýningu í blöðin. Eftir sýningu á Seyðisfirði þremur árum síðar hélt Jóhannes utan til London. Um þær mundir tók hann sér nafnið Kjarval. Eftir vetrardvöl í London, þar sem hann gerði sér títt um verk Turners, hélt hann til Kaupmannahafnar til að hefja listnám.

Jóhannes S. Kjarval bjó lengst af sinnar löngu starfsævi í Reykjavík og andaðist þar 13. apríl 1972. Þótt hann hefði vinnustofu sína í Austurstræti 12, með nokkrum frávikum síðar á ævinni, var Ísland allt einskonar starfsvettvangur hans. Hann gerði tíðförlu á einstaka staði, og upp úr 1930 byrjaði hann komur sínar austur í fæðingarbyggð sína, þar sem hann málaði af og til á sumrin, og svo að segja á hverju sumri eftir 1945. Að meðtöldum kjörnum stöðum á Síðu, Fljótshverfi og í Eldhrauni, batt hann mikla trygð við Borgarfjörð eystra, Þingvelli og Snæfellsnes.

Kjarval var stórgjöffull á verk sín og bera myndir á bæjum eystra þess

gleggstan vott. Stundum var honum ekið í bíl á ákvedna staði með trönur og liti, en oftast en hitt var ekki komið á leiðarenda, þegar hann bað að stanza. Þá hafði einhverja þá fyrirmynd borið fyrir augu sem ekki var hægt að sleppa. Aðra daga stóð hann kannski í heyverkum með heimilisfólki þar sem hann hélt til þá stundina.

Kjarval var einstakur snillingur að lesa í landið. Það rann saman í myndir fyrir augum hans, sem aðrir höfðu ekki tekið eftir, þótt þeir hefðu lifað langa ævi í grennd við andlit í kletti eða sérstök litbrigði hömrum girtrar hlíðar. En það þurfti ekki stórar fyrirmyndir til. Lággróðurinn varð ósandi orkuhaf í höndum hans. Jafnvel grár hausttíminn bældur undir aðfara vetrar gat stigið fram í sérkennilega tærri og hljóðlátri fegurð undan penslinum. Slikt er ekki gefið nema fáum innblásnum.

Hinn sérkennilegi og völdugi fjallajöfur Lómagnúpur var Kjarval kært viðfangsefni. Þær eru orðnar margar krítarmyndirnar og málverkin af því fjalli. Og engin þeirra er eins. Það er eins og listamaðurinn sé að strjúka gnúpnnum um vangann til staðfestingar hinum breytilegu sýnum. Á slíkum stundum var Kjarval kominn í bland við náttúruandana — orðinn einn þeirra og þeirra örlátastur. Þá stóðu honum allir fjársjóðir landsins opnir.

IGP



Lómagnúpur

## LAND OF THE MASTER

Jóhannes Sveinsson Kjarval was born at Efríey, Meðalland, on 15th October 1885, his parents being Sveinn Ingimundarson and Karitas Thorsteinsdóttir Sverrisen. Owing to poverty and the large size of his family, Jóhannes was fostered by a kinsman, Jóhannes Jónsson, of Eastern Borgarfjörður, and his wife Guðbjörg Gissurardóttir. The ancestors of Jóhannes were from both north and south of Iceland, his maternal grandmother being from Bakki in Öxnadalur, the same district as Iceland's most loved poet, Jónas Hallgrímsson, while his other forebears were for the most part from Meðalland.

The parents of Jóhannes lived for 27 years at the middle farm of Efríey, situated in the lowest part of the extensive Meðalland plain, an area of fertile meadowland between turbulent glacial rivers, with the black rim of the Eldhraun lavafield to the north and the Atlantic Ocean to the south. The artist later recalled his birthplace in signing one or two pictures "Giovanni Efríey". At the age of four Jóhannes was sent east with the postman to his foster-parents, to be well cared for by them for the next eleven years, until his confirmation at fifteen. According to an account of this postal dispatch to his new home, he was tied to the saddle-bow of the postman's baggage-horse and borne across many dangerous stretches of water; but the ropes held and the horse was footsure and well accustomed to swimming rivers, so Jóhannes reached Geitavík in Eastern Borgarfjörður safe and sound after a ride of many hundred kilometres.

Since his earliest days in Meðalland Jóhannes had shown an unusually sensitive feeling for colours. In their games the children would use bones to represent ewes and lambs, and in order to have mottled or spotted ewes they used to pass the bones over the flame of a candle or oil lamp. However, Jóhannes was not satisfied with this simple expedient. He painted his bones. The story of those painted bones has been passed down in Meðalland.

After his confirmation Jóhannes went to sea and was on a fishing-smack for the next few years. A fisherman's life may be described as his means of livelihood in the years of his youth. And his shipmates were perhaps the first to encourage the artistic bent of the young deckhand. At all events it is evident that he found time to paint during these years, and partly thanks to the indulgence of his fellows, who were not generally in the habit of letting others off lightly.

The few pictures dating from this period bear witness to the artist's

contentment with the life of a seaman and the fellowship of men and the forces of nature that belonged to it.

Mention has been made of the fact that the only pictures known to Jóhannes before the time when he went to sea were the ornamental labels on food-cans. It was not until he was in his twenties that he went to the Flensborg school in Hafnarfjörður, and there are memories of his having excelled in the little drawing that was taught there, and of the pleasure of the art-teacher, Jón Thórarinsson, at the work of this promising pupil. Jóhannes attended school here for two years, but without completing the spring examinations, for by that time he was off to sea, being unable to afford the risk of losing his berth. At school he was remarked as a fine, good-looking young man, tall, well-mannered and smartly dressed.

About this time there were great stirrings in the national life. Young people were the growing up who believed that art and education, progress and the sovereign independence of the country, were matters of vital importance. Jóhannes was one of them. The pictures which he had painted while maintaining himself as a fisherman aroused interest in his artistic talent. Several members of the Reykjavík Young Men's Association, founded in 1906, commended him as a new hope of greatness and achievement in the field of art. They opened a fund to enable the artist to travel, and also offered security for a generous bank loan. For the government Hannes Hafstein responded with a grant of a thousand kronur from public funds.

Jóhannes held his first exhibition in 1908, and members of the Young Men's Association were quick to write it up in the papers. Three years later, after an exhibition at Seyðisfjörður, Jóhannes went to London, about this time adopting the name Kjarval. After a winter in London, where he studied the work of Turner, he went to Copenhagen to attend art school.

Jóhannes S. Kjarval lived most of his long working life in Reykjavík, where he died on 13th April 1972. Although he had a studio there at Austurstræti 12 for most of the time (with some exceptions in his later years), all Iceland was really his field of operation. He made regular journeys to certain places, and in 1930 began his visits to the east of Iceland and his birthplace, where he would paint, on and off, all summer and more or less every summer from 1945 onwards. Beside chosen areas in Síða, Fljótshverfi and Eldhraun, he remained faithful to Eastern Borgarfjörður, Thingvellir, and Snæfellsnes.

Kjarval was very generous with his paintings, and his works in farms in the east of Iceland bear eloquent witness to this. Sometimes he would be driven with easel and paints towards a particular place, but would often ask to stop before reaching the destination; for some subject which could not be passed by had presented itself before his eyes. Other days would perhaps be spent in hay-

making with the people of the farm where he happened to be staying at the time.

Kjarval was a genius at reading the landscape. In his eyes images would appear which others had never noticed, though they had lived all their lives in the neighbourhood of a face in the rock or a colour-effect on a cliff-girt hillside. But the subject need not be large. The undergrowth became charged with a vibrant force under his hands. Even a grey autumn subdued by the advance of winter could emerge in a specially clear, serene beauty by the stroke of his brush. This is a gift which is only possessed by a few inspired geniuses.

The strange and imposing mountain Lómagnúpur was a favourite subject of Kjarval's. There are many pastel sketches and paintings of the mountain, and all are different. It is as though the artist were stroking its rugged cheeks in confirmation of the changing scene. In such moments Kjarval was at one with nature in all its multifarious moods – become one of them himself, and that the most prodigal. All the rich treasures of the land then stood open to him.

trs AB



Hugarknúll

## KJARVALSSAFN – SÝNINGARSKRÁ

- |   |  |
|---|--|
| 1. HVEITIBRAUÐSSKIPIÐ 1918<br>Vatnslitir<br>13,5 × 21,5 sm<br>Gjöf frá Hallfríði Guðbrandsdóttur Schneider  | 9. VANGAMYND AF STÚLKU<br>Olía á léreft<br>34 × 5 sm   |
| 2. STERLING Í ÞOKU 1912<br>Vatnslitir<br>14,5 × 19,5 sm<br>Gjöf frá börnum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar   | 10. MYND AF GUÐMUNDI DAVÍÐSSYNI<br>Olía á léreft<br>43 × 30,5 sm<br>Gjöf frá Klöru Guðmundsdóttur  |
| 3. ANDLIT<br>Blek<br>57 × 40 sm   | 11. SÓLFAR 1955<br>Olía á léreft<br>67 × 102 sm  |
| 4. FUGL<br>Vaxlitir<br>46 × 62 sm   | 12. „YNDISLEGT ER ÚTI VOR“<br>Hjónin Matthildur Kjartansdóttir og Guðbrandur Magnússon 1926<br>Olía á léreft<br>46 × 123,5 sm<br>Gjöf frá Matthildi Kjartansdóttur |
| 5. MAÐUR<br>Blek<br>57,5 × 45 sm  | 13. SNJÖR OG GJÁ<br>Olía á léreft<br>112 × 160   |
| 6. ENGILL<br>Málaður steinn<br>11 × 7,5 × 7 sm.<br>Gjöf frá Karitas Bjargmundsd.                            | 14. HUGARKVÖL 1945<br>Olía á léreft<br>55 × 65 sm<br>Gjöf til minningar um Ástu Hallsdóttur tannsmíð frá erfingjum   |
| 7. SÆNSKIR KVIKMYNDA-TÖKUMENN<br>Olía á léreft<br>80 × 114 sm   | 15. ÁSTAMÁL GRETTIS<br>Olía á léreft<br>42 × 53 sm<br>Gjöf frá Matthildi Kjartansdóttur  |
| 8. RJÚPUR<br>Olía á léreft<br>45 × 35 sm<br>Gjöf frá bræðrunum Einari, Friðriki og Guðmundi M. Björnssonum. | 16. ANDLITIN<br>Olía á léreft<br>54,5 × 45 sm  |

- |   |   |  |  |
|---|---|--|--|
| 17. GÁLGAKLETTUR<br>Olía á léreft<br>107,5×130 sm   | 29. RAGNAR ÁSGEIRSSON 1920<br>Rauðkrít<br>33×28,5 sm<br>Gjöf frá börnum Grethe og<br>Ragnars Ásgeirssonar | 39. MAÐUR<br>Vatnslitir og blek<br>40×29 sm                        | 50. FRÁ ESJU<br>Vaxlitir<br>43×85 sm   |
| 18. KRÍTÍK<br>Olía á léreft<br>213×402 sm   | 30. SJÁLFSMYND 1920<br>Rauðkrít<br>33×28 sm<br>Gjöf frá börnum Grethe og<br>Ragnars Ásgeirssonar          | 40. KONA<br>Vatnslitir<br>40,5×29 sm                               | 51. MAÐUR<br>Vaxlitir<br>65×49 sm  |
| 19. ESJA SÉÐ FRÁ JADRI<br>Olía á léreft<br>109×138 sm   | 31. PRÓFTEIKNING 1914<br>(Konunglega listaakademían í<br>Kaupmannahöfn)                                   | 41. KONA<br>Blek<br>33,5×33,5 sm                                   | 52. STÚLKA<br>Blek<br>45×57,5 sm   |
| 20. SIGURÐUR<br>Olía á léreft<br>100×95 sm  | 32. HALLBJÖRG BJARNA-<br>DÓTTIR<br>Blek<br>57×43 sm<br>Gjöf frá Hallbjörgu<br>Bjarnadóttur                | 42. MAÐUR<br>Blek<br>26×33,5 sm                                    | 53. KONA<br>Olíulitir<br>69,5×49,5 sm  |
| 21. BLÁSKÓGAHEIÐI<br>Olía á léreft<br>103,5×128 sm  | 33. ABSTRAKTION<br>Blek<br>48×40 sm   | 43. KONA<br>Blek<br>63,5×47 sm                                     | 54. BLEIKDALSÁ<br>Olía á léreft<br>100×152 sm  |
| 22. VIÐEYJARSUND<br>Olía á léreft<br>60×130 sm  | 34. ABSTRAKTION<br>Blek<br>34×34 sm   | 44. Í BAÐI<br>Vaxlitir, vatnslitir og blek<br>48×60 sm             | 55. SÓL OG SUMAR<br>Olía á léreft<br>265×222 sm  |
| 23. TEPPI Í OLÍULITUM<br>Olía á léreft<br>75×170 sm   | 35. MÓÐURÁST<br>Vatnslitir<br>63×47 sm  | 45. STÚLKA MEÐ HATT<br>Blek<br>84×57 sm                            | 56. HLÍÐARHÚS<br>Olía á léreft<br>38×55,5 sm   |
| 24. FRÁ HAUGJÁ<br>Á ÞINGVÖLLUM<br>Olía á léreft<br>111×215 sm<br>Gjöf frá Ragnari<br>Jónssyni | 36. ANDLIT OG DÝR<br>Blek<br>45,5×60,5 sm   | 46. LANDSLAG<br>Blek<br>50,5×74,5 sm                               | 57. DRAUMALAND<br>Olía á léreft<br>45,5×57 sm  |
| 25. FYRSTU SNJÓAR<br>Olía á léreft<br>125×95 sm   | 37. KONUANDLIT<br>Vaxlitir og blek<br>54,5×45 sm  | 47. HESTAR AÐ HVÍLA SIG<br>(Boðunin)<br>Vatnslitir<br>49,5×74,5 sm | 58. SJÁLFSMYND 1910<br>Olía á tunnubotn<br>32,5×26 sm  |
| 26. SIGFÚS JÓHNSEN<br>Olía á léreft<br>103×78 sm  | 38. BLÓMANDLIT<br>Blek<br>46×59 sm  | 48. LANDSLAG VIÐ STRÖND<br>Blek<br>50,5×74,5 sm                    | 59. VÍFILSFELL 1930<br>Olía á léreft<br>28×36,5 sm<br>Gjöf frá Hallfríði<br>Guðbrandsdóttur<br>Schneider |
| 27. FRÁ ÞINGVÖLLUM<br>Olía á léreft<br>111,5×153 sm   |   | 49. UNGUR MAÐUR<br>Blek<br>40,5×50 sm                              |  |
| 28. LÓMAGNÚPUR<br>Olía á léreft<br>113,5×128 sm   |   |  |  |


ÚTLIT SKRÁR: *Helga B Sveinbjörnsdóttir*

MYND AF KJARVAL: *Jón Kaldal*

MYNDIR AF MÁLVERKUM: *Ingunnur Magnússon*

SETNING OG PRENTUN: *Prentsmíðjan Oddi hf*

FILMUVINNA: *Korpus*



*Vangamynd af stúlku*

STJÖRN KJARVALSSTADA: *Ólafur B Thors, formálar*  
*David Oddsson, varaformálar*  
*Elisabet Gunnarsdóttir*

FORSTÖÐUMAÐUR KJARVALSSTADA: *Alfred Guðmundsson*

SÝNINGARNEFND: *Alfred Guðmundsson*  
*Guðmundur Benediktsson*  
*Jóhannes Jóhannesson*